

Sönglög á Aðalbóli – október

Fingrapulan



Þumalfingur er mamma sem var mér vænst og best.

Vísifingur er pabbi sem gaf mér rauðan hest.

Langatöng er bróðir sem býr til falleg gull.
Baugfingur er systir sem prjónar sokka úr ull.

Litlifingur er barnið sem leikur sér að skel.

Litli pínu anginn sem dafnar svo vel.
Hér er allt fólkið svo fallegt og nett.
Fimm eru á bænum ef talið er rétt.

1, 2, 3, 4, 5

Ósköp væri gaman í þessum heim,
ef öllum kæmi saman eins vel og þeim.

Krókódill í lyftunni

Það er krókódillí lyftunni minni,
og ég er soldið smeyk við hann.
Það er krókódill í lyftunni minni,
og hann getur étið mann.

O-o-ó krókódill!!!!

Fööörum,

upp á 1. Hæð.

Þú færð ekki að éta mig
því að það er ÉG sem rað.
Úúúúú DING!

Það er krókódill... (2. Hæð og svo frv.)



Afi minn og amma mín

Afi minn og amma mín

Afi minn og amma mín

úti á Bakka búa.

Þau eru bæði sæt og fin
þangað vil ég fljúga.


Lítill múnus

(Klappa með)

Lítill múnus, lítill múnus,
lítill húsamúnus.

Lítill múnus, lítill múnus,
lítill hagamúnus.

Hvað gerir múnusin nú?
Hún flýr í bóndans bú.



Vinalag

Við erum vinir, við erum vinir.

Ég og þú, ég og þú.

Leikum okkur saman, leikum okkur saman.

Ég og þú, ég og þú.



Litalagið

Gulur, rauður, grænn og blár
svartur, hvítur, fjólublár.

Brúnn, bleikur banani,

appelsína talandi.

Gulur, rauður, grænn og blár,
svartur, hvítur, fjólublár.



Sönglög á Aðalbóli – október

Ég er vinur þinn

Ég er sko vinur þinn.
Langbesti vinur þinn.
Gangi illa fyrir þér,
allt á skakk og skjön hvert sem litið er.
Þá skaltu muna vísdóms orð frá mér að ég
er vinur þinn...
Já, ég er vinur þinn.

Ég er sko vinur þinn.

Langbesti vinur þinn.
Þér leiðist margt.
Sama segi ég, já tilveran er ekki alltaf
dásamleg.
Þá skaltu muna vísdóms orð frá mér að ég
er vinur þinn.
Já, ég er vinur þinn.

Það eru ýmsir vafalaust
greindari en ég er.
Líka stærri en ég.
Kannski hjá engum öðrum þá vináttan jafn
innileg á allan veg, já.

Þó liði ár og öld mun vináttan enn við völd.
Þú færð að finna það, drengur minn,
að ég er vinur þinn.
Já, ég er vinur þinn, langbesti vinur þinn.



Upp á grænum hól

Uppi á grænum, grænum, himinháum hól,
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu
bomm, bomm, bomm, boromm, bomm, bomm,
hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim ljótur byssukall

sem miðaði í hvelli,
en hann hitti bara trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.



Við erum góð

Við erum góð, góð hvort við annað.
striðum ekki eða meiðum neinn.
Þegar við grátum huggar okkur einhver,
þerrar tár og klappar okkar kinn. (2x)

